

# EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlflugvelli



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	16.5.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Keflavíkurlflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Þórir Sveinsson	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Vilberg Karlsson	Staðsetning	322.019 393.230

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Olíubirgðastöð EBK ehf. á Keflavíkurlflugvelli er samtengd olíubirgðastöð ODR ehf. í Helgúvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. EBK ehf. er ábyrgt fyrir þrýstiprófunum Helgúvíkurlagnarinnar frá tengibrunni á "Fuel West" lögninni og inn í stöð. Olíubirgðastöð EBK ehf. er líka samtengd EAK hf. (Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurlflugvelli) með svokallaðri „hydrantlögn“ sem endar í tengistútum á flughlaði fyrir eldsneytisafgreiðslur á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en EBK ehf. sér um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir á henni.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram. Engin athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Yfirlit yfir athugasemdir úr síðustu eftirlitum Umhverfisstofnunar
  - Þétting þróarinnar
  - Leki í loka á inndælingarlögn
  - Breytingar í stöðinni
- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
- Skoðun á stöðinni, samantekt og kvittun.

Sest var niður á fund með Jóni Þóri Sveinssyni öryggis- og gæðastjóra EAK ehf. og Vilberg Karlssyni stöðvarstjóra í olíubirgðastöð EBK ehf. Farið var yfir atriði úr fyrri eftirlitsskýrslum og tekin staðan á þeim nú. Varðandi lekavörn (pró) um birgðageyma í stöðinni en nokkuð er um sprungur í steinsteyptum botni hennar. Verkfræðistofa hefur gert úttekt á þrónni og er talin ástæða til að fara í viðgerðir. Leitað er að verktaka til þess að fara í viðgerðir en á meðan skoðast þetta sem frávik frá kröfum í starfsleyfi og verður farið fram á tímasetta úrbótaáætlun í framhaldinu.

Geymar voru þykktarmældir árin 2011 og 2014 og því ekki þörf á endurmælingum fyrr en 2021 og 2024. Helgúvíkurlögnin átti að þrýstiprófast árið 2016 og er því komin ár fram úr reglugerðarkröfum um þrýstiprófanir olíufylltra lagna. Það telst frávik. Upplýsingar bárust um að breytingar verði gerðar á lögninni sem hefjist 19. júní nk. og stefnt er að þrýstiprófun á lögninni að breytingum yfirstöðnum. Eins átti að þrýstiprófa lögn nr. 60 og hydrantlögn, lögn nr. 61 á prófustand, lögn nr. 17 á milli dæluhúss og eyju á árinu 2016. Allar eru þessar olíufylltu lagnir komar út fyrir reglugerðarmörk um tíðni þrýstiprófana.

Fráveituvatn frá stöðinni samanstendur af rigningarvatni sem fellur á áfyllingar- og afgreiðsluþlön stöðvarinnar, vatni vegna tæmingar á mengunarvarnarpró um birgðageyma og undantöppunarvatni úr birgðageymunum sjálfum. Allt fráveituvatn fer um olíuskilju félagsins og er magn olíuleifa í frárennsli skiljunnar prófað a.m.k. árlega. Skoðun sýnir að umgengni og þjónusta við olíuskiljuna er í góðu lagi.

Uppfærð áætlun um frágang vegna stöðvunar reksturs eða varanlegrar lokunar á olíubirgðastöðinni hefur borist stofnunninni. Viðbragðsáætlun stöðvarinnar var send eftirlitsaðila strax að loknu eftirlitinu.

Skráningar í stöðinni eru með ágætum. Engar kvartanir hafa borist vegna starfsemi EBK ehf. á Keflavíkurlflugvelli. Staðfest var að starfsleyfið var til staðar í aðstöðuhúsi, svo og afstöðumynd, flæðirit, viðbragðsáætlun, rekstrarhandbók og verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Bensín (VOC) er ekki geymt í stöðinni og því er ekki fylgst með losun gufa frá stöðinni.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró). Skoðaðar voru sprungur í mengunarvarnarpró um birgðageyma. Eins voru skoðaðar breytingar í dæluhúsi.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

#### Frávik frá

ákvæði í grein 2.1 í starfsleyfi um frágang birgðageyma og frá ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar.

#### Lýsing á fráviki


Kveðið er á um það í starfsleyfi að olúgeymar skuli standa í olíuheldri þró og eins að prófa skuli lekavarnir (þró) á minnst 10 ára fresti. Verkfræðileg úttekt hefur farið fram á þrónni og niðurstaða hennar er að gera þurfi við sprungur í steinsteypu. Skila þarf inn tímasettri áætlun um verklok.

ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar

Reglugerð nr. 35/1994 kveður á um að olúfylltar lagnir á landi skulu þrýstiprófaðar á fimm ára fresti. Rekstraraðili vinnur að breytingum á einni lögn og þrýstiprófanir á lögnum í kjölfarið. Farið er fram á tímasetta áætlun um verklok.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2017



Gottskálk Friðgeirsson